Reykjavík

Frístundaheimilið Laugarsel

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur....2
Innra mat....3
Umbótaáætlun 2026-2027....3
Umbótaáætlun 2026-2027....4
Áherslur starfsársins....5
Dagskrá starfsársins:....6
- Ágúst....6
- September....6
- Október....6
- Nóvember....6
- Desember....6
- Janúar....6
- Apríl....7
- Júní....7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat Laugarsel auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar um frístundastarf og hlutverk frístundaheimila frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Þar

sem vísbendingar þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru þær taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áherslubætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	Efling félagsfærni og jákvæðra samskipta
Umbótaþáttur/matsþáttur	Faglegt starf – félagsfærni, vellíðan og þátttaka barna.
Tækifæri til umbóta.	Að efla félagsfærni barna í 1. og 2. bekk, stuðla að jákvæðum samskiptum og tryggja að öll börn upplifi sig sem hluta af hópnum.
Aðgerðir til umbóta.	Auka áherslu á hópeflisleiki, samvinnuverkefni og skipulagt klúbbastarf þar sem börn fá tækifæri til að mynda

	vináttutengsl. Starfsfólk styður börnin í samskiptum, ágreiningslausnum og að virða mörk annarra.
Ábyrgð.	Forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og starfsfólk frístundaheimilisins.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkefnið hefst í upphafi skólaárs og er unnið jafnt og þétt yfir veturinn.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Staðan er metin reglulega á starfsmannafundum. Einnig er stuðst við samtöl við börnin, athuganir starfsfólks og niðurstöður viðhorfskannana.
Viðmið um árangur.	Að börnin upplifi öryggi, vellíðan og jákvæð samskipti í frístundinni. Að fleiri börn taki þátt í sameiginlegum leik og að starfsfólk sjái framfarir í samvinnu og félagslegum samskiptum.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	**Aukin þátttaka starfsfólks, barna og annarra hagsmunaaðila í mótun frístundastarfsins**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Faglegt starf – lýðræði og þátttaka, samstarf og þróun starfseminnar.
Tækifæri til umbóta.	Að efla þátttöku starfsfólks, barna og foreldra í mótun frístundastarfsins og skapa fleiri tækifæri fyrir þessa hópa til að koma hugmyndum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Nýta niðurstöður innra mats með markvissari hætti til að þróa starfsemina út frá þörfum og óskum barnanna.

Aðgerðir til umbóta.	• Starfsfólk: Nýta starfsmannafundi til að ræða hvað gengur vel og hvað má betur fara. Hvetja starfsfólk til að koma með hugmyndir að nýjum verkefnum, klúbbum og breytingum á daglegu skipulagi. • Börn: Auka þátttöku barna í ákvarðanatöku með kosningum, samtölum og hugmyndasöfnun. Gefa börnunum aukin tækifæri til að hafa áhrif á klúbbastarf, verkefni og daglegt starf. • Aðrir hagsmunaaðilar: Leita eftir ábendingum og endurgjöf foreldra um starfsemina. Nýta einnig samstarf við skóla og aðra samstarfsaðila til að þróa og bæta þjónustuna.
Ábyrgð.	Forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og starfsfólk Laugarsel
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkefnið hefst í upphafi skólaárs og er unnið jafnt og þétt yfir veturinn.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Staðan verður metin reglulega á starfsmannafundum og með samtölum við börnin. Einnig verður farið yfir ábendingar foreldra og niðurstöður innra mats. Í lok skólaárs verður metið hvaða breytingar hafa skilað árangri og hvað megi þróa áfram.
Viðmið um árangur.	• Að starfsfólk upplifi að það hafi áhrif á skipulag og þróun starfseminnar. • Að börnin upplifi að hlustað sé á hugmyndir þeirra og að þau hafi raunveruleg áhrif á daglegt starf. • Að ábendingar foreldra og annarra samstarfsaðila séu nýttar við þróun þjónustunnar. • Að að minnsta kosti ein umbót verði framkvæmd á skólaárinu út frá hugmyndum eða niðurstöðum innra mats.

Áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Laugarsel eru í samstarfi með Laugarnesskóla og Dalheimum í Réttindaskóla og –frístund UNICEF. Samstarfið í því verkefni hefur verið virkt frá 2016 og felur í sér að vera með sameiginlegt réttindaráð og gera sameiginlega aðgerðaáætlun út frá niðurstöðum úttektar UNICEF ásamt niðurstöðum öryggis- og aðgengiskönnun og stöðukönnun sem var framkvæmd árið 2025. Aðgerðaráætlunin gildir til 2028.
Laugarsel er með greinar Barnasáttmálans á veggjum og á viðeigandi stað sem tengist ákveðinni grein. Með því er verið að sýna börnunum hvar réttindum þeirra er mætt. Þá eru kosningar um t.d. matseðil Laugarsel og alls kyns verkefni tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Laugarsel gera vináttufærniflokkun út frá kerfi sem Vanda Sigurðardóttir bjó til. Þá eru börnin flokkuð eftir stöðu þeirra félagslega frá sjónarhorni starfsfólks Laugarsel. Flokkarnir eru; meðal (flest börn), leiðtogar/vinsæl

(jákvæðir og neikvæðir leiðtogar), hafnað og týnd. Börnin sem lenda í flokkunum hafnað og/eða týnd eru börnin sem þurfa að fá auka þjálfun, aðstoð eða eftirlit. Markmiðið er að í seinni flokkun sem á sér stað á vorönn standa börnin betur félagslega.

Laugarsel eru með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Spurt er í atvinnuviðtölum um fornafn viðkomandi og er það sett á starfsmannamynd viðkomandi starfsfólks og á nafnspjald þeirra. Ef starfsfólk er með klúbb eða val sem tengist hinseginleikanum er sett merki um það á valtöfluna.

Þar að auki er verið að vinna með Grænu skrefin og heilsueflandi frístundaheimili. Sorp er flokkað, ljós notuð eftir þörfum og slíkt. Þá er farið eftir viðmiðum um hollustu á frístundaheimilum, boðið uppá grænmeti og ávexti á hverjum degi, vatn með mat. Óhollustu er haldið til hófs á tyllidögum. Föstudagar eru umhverfisdagar, markmiðið er að reyna að klára perl, nýta blöð sem hægt er að endurnýta eftir bestu getu og boðið uppá afganga frá síðdegishressingunni í vikunni sem er að líða.

Dagskrá starfsársins:

Ágúst

24.	Skólasetning/starfsdagur Laugarsel	Lokað í Laugarseli
25.	Fyrsti dagur í vetrarstarfi í Laugarseli	2.bekkur kemur
26.	Fyrsti dagur hjá 1.bekk í Laugarseli	Fyrsti dagur hjá 1.bekk

September

Október

22.-26.	Vetrafrí	Lokað í Laugarseli
27.	Lengd viðvera í Laugarseli	

Nóvember

3.	Lengd viðvera í Laugarseli	
16.-20.	Réttindavika	Þemavika

Desember

21.-23.	Lengd viðvera	
24.-27.	Jólafrí	Lokað í Laugarseli
28.-30.	Lengd viðvera	
31.	Gamlársdagur	Lokað í Laugarseli

Janúar

1.	Nýársdagur	Lokað í Laugarseli
4.	Lengd viðvera	

Febrúar

22.-23.	Vetrafrí	Lokað í Laugarseli
24.	Lengd viðvera	

Mars

3.	Lengd viðvera	
22.-24.	Lengd viðvera	
30.	Lengd viðvera	

Apríl

19.-23.	Barnamenningarhátíð	
27.	Lengd viðvera	

Maí

Júní

9.	Vorhátíð Laugarsel	Heimsóknartími foreldra 15:00-16:00
10.	Skólaslit / Starfsdagur Laugarsel	Lokað í Laugarseli
11.	Starfsdagur Laugarsel	Lokað í Laugarseli
14.-18.	Sumarnámskeið Laugarsel – Vika 1	
21.-25.	Sumarnámskeið Laugarsel – Vika 2	
28.-2.7	Sumarnámskeið Laugarsel – Vika 3	